

## Tillaga til þingsályktunar

um deilur Ísraels og Palestínumanna.

Flm.: utanríkismálanefnd.

Alþingi lýsir áhyggjum sínum af því ófriðarástandi sem nú ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og fordæmir það ofbeldi sem þar á sér stað. Alþingi leggur áherslu á að öryggi óbreyttra borgara sé tryggt og alþjóðleg mannréttindi virt og telur brýnt að send verði eftirlitsnefnd frá Sameinuðu þjóðunum á svæðið í samræmi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1405(2002).

Alþingi krefst þess að öllum ofbeldisverkum linni, þar á meðal sjálfsmorðsárásum og beitingu hervalds, að Ísrael dragi herlið sitt til baka frá sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna, að deiluaðilar semji um vopnahlé og að hafnar verði friðarviðræður um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra í samræmi við nýjustu ályktanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi vísar til ályktunar sinnar frá 18. maí 1989, ályktana Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1397(2002), 1402(2002) og 1403(2002) um leið og það lýsir yfir að þjóðum heims beri að stuðla að því að Ísrael og Palestínumenn leysi úr ágreiningsefnum sínum á grundvelli alþjóðalaga og samþykka Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð.

Samstaða hefur náðst í utanríkismálanefnd um að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar um deilur Ísraels og Palestínumanna.

Prentað upp.